

## LÖG GRÓSKU

### **SAMTÖK MYNDLISTARMANNA**

#### **Samþykktir**

**1. grein:**

Samtökin heita GRÓSKA

**2. grein:**

Heimili þeirra og varnarþing er í Garðabæ.

**3. grein:**

Samtökin eru frjáls félagssamtök myndlistar- og áhugafólks um myndlist, búsett eða starfandi við myndlist í Garðabæ og eða á Álftanesi. Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.

**4. grein:**

Tilgangur samtakanna er að efla stöðu myndlistar og stuðla að samvinnu félagsmanna.

**5. grein:**

Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með að:

- Hvetja til samstarfs og standa fyrir einum til þremur listviðburðum á ári, þar sem allir félagsmenn hafa rétt til þátttöku.
- Efla umræðu um listir með fjölbreyttri fræðslu og sýningarhaldi.
- Vinna að bættri sýningar og vinnuaðstöðu félagsmanna og auka samstarf ólíkra listgreina.
- Hvetja bæjaryfirvöld og íbúa bæjarfélaganna til að taka virkari þátt í þróun og uppbyggingu listarænnar starfsemi.

**6. grein:**

Félagsmenn geta þeir orðið sem náð hafa 18 ára aldri og búsettir eru eða eru starfandi við myndlist í Garðabæ eða á Álftanesi. Flytjist félagsmaður í annað sveitarfélag getur hann verið áfram í samtökunum, óski hann þess.

**7. grein:**

Greiðsla félagsgjalda skal fara fram fyrir 1. apríl ár hvert og skal upphæð þeirra ákveðin á aðalfundi.

**8. grein:**

Rétt til fundasetu hafa allir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld.

**9. grein:**

Heimilt er að víkja félagsmanni úr samtökunum, gerist hann brotlegur við samþykktir þeirra.

**10. grein:**

Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikningum skal lokið 14 dögum fyrir aðalfund og þeim skilað til félagskjörinna endurskoðenda.

**11. grein:**

Samþykktum verður aðeins breytt á aðalfundi samtakanna. Tillögum til lagabreytinga skal skila til stjórnarinnar fyrir 1. febrúar. Greina skal frá í fundarboði innihaldi lagabreytingatillagna. Nái lagabreytingatillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

**12. grein:**

Aðalfundur samtakanna skal haldinn í febrúar ár hvert. Aðalfund skal boðað með 14 daga fyrirvara. Boðað skal aðalfund með dagskrá og tillögum til lagabreytinga ef fram koma. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðal- og félagsfundum nema um lagabreytingartillögur sé að ræða.

**13. grein:**

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra, ritara og annara starfsmanna.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar liðins árs.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
6. Skýrsla og reikningar borin upp til samþykktar.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning formanns til eins árs.
9. Kosning stjórnar.
10. Kosning tveggja endurskoðenda.
11. Verkefni næsta árs.
12. Önnur mál.

**14. grein:**

Stjórn samtakanna skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk 2ja varamanna. Stjórnin skal kosin, bundinni kosningu með einföldum meirihluta. Formaður er kosinn á hverjum aðalfundi til eins árs, aðrir stjórnar og vara stjórnarmenn eru kosnir til 2ja ára í senn. Stjórnarseta er hámark 4 ár samfelld. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir. Stjórnin getur tilnefnt nefndir, s.s. sýningarnefnd, skemmtinefnd, valnefnd o. fl. eða falið það félagsfundi.

**15. grein:**

Félagsfundi samtakanna skal halda þegar þurfa þykir að mati stjórnar sem boðar til þeirra með 7 daga fyrirvara, geta skal fundarefnis. Stjórninni er skylt að boðað til félagsfundar ef minnst 1/3 félagsmanna óskar þess. Skal hann boðaður innan 15 daga.

**16. grein:**

Samtökunum verður ekki slitið án undangengis boðaðs félagsfundar þar sem fram kemur tilgangur fundarins. Stjórnin skal gera grein fyrir ráðstöfun eigna s.s. gerðabók, skjölum, lausafé og öðrum eigum. Til að leggja samtökin niður þarf 2/3 greiddra atkvæða.

Samþykkt á stofnfundi Grósku 1. mars 2010

Garðabæ , 1. mars. 2010

---

Formaður

---

Ritari

---

Stjórnarmaður